

## FUNDARGERÐ

257. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 31. maí 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Sigurður Helgi Birgisson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Þráinn Óskarsson, Margrét Tryggvadóttir, Aron Ólafsson, Rósa Kristinsdóttir og Mörður Áslaugarson. Silja Dögg Gunnarsdóttir og Marta Guðrún Jóhannesdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 256 var borin upp og samþykkt.

### 2. Kynning sviða – RÚV sala ehf.

Framkvæmdastjóri RÚV sölu kynnti starfsemi félagsins.

### 3. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í apríl og eftir fyrstu fjóra mánuði ársins. Auglýsingatekjur voru lítillega undir áætlun. Aðrar tekjur voru umfram áætlun og heildartekjur 3,5 m.kr. yfir áætlun. Rekstur sviða gekk ágætlega í mánuðinum í heildina, var 1,7 m.kr. yfir áætlun. Fjármagnsliðir voru hins vegar mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir en neikvætt frávik fjármagnsliða nam tæplega 13 m.kr. Eftir fyrstu fjóra mánuði ársins sé tap á rekstrinum sem nemi 65 m.kr. Verðbólga hefur verið mun meiri í ár en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun og vaxtastig sömuleiðis. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru fjármagnsliðir rekstraráætlunar 44,6 m.kr. yfir áætlun og gera megi ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næstu mánuðum. Stjórn var sammála um að leggja þurfi fram tillögur að mótvægisgerðum á næsta stjórnarfundi.

Óskað var eftir að fá upplýsingar um launabil eftir kynjum á næsta fundi og jafnframt yfirlit yfir verktakagreiðslur eftir kynjum.

### 4. Minnispunktar útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir reglubundnum samráðsfundi með fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytisins samkvæmt þjónustusamningi ráðherra og RÚV. Á fundinum var farið yfir stöðu mála samkvæmt samningnum og rætt um vinnu við gerð nýs þjónustusamnings. Fjallað var um fund fulltrúa RÚV með allsherjar- og menntamálanefnd, sem boðaðir voru til fundar með nefndinni í tengslum við frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmíðla. Óskað var eftir því að fulltrúar RÚV mættu til fundar með nefndinni. Á fundinum var farið yfir ýmis atriði, t.d. umfang RÚV á auglýsingamarkaði sem hefur verið stöðugt síðustu áratugi. Einnig var nefndin upplýst um fyrirkomulag fjármögnunar RÚV í samanburði við önnur EBU lönd o.fl. Fram kom að í 37 af 47 aðildarlöndum EBU væru almannajónustumiðlar fjármagnaðir með blönduðu fyrirkomulagi, þ.e. með opinberu fjárframlagi í formi útvarpsgjalds eða öðrum sambærilegum hætti og með auglýsingatekjunum.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir rafmagnsútfalli sem varð í apríl og kynnti ítarlega greiningu á atvikinu og ástæðum þess og úrbótatillögur sem unnið hefur verið að. Ástæðan fyrir útfallinu var galli í hönnun á eldsneytistönkum varaflsvélar. Upplýsingum um niðurstöður greiningarinnar hefur þegar verið komið til almannavarna og Landspítala til að fyrirbyggja sambærileg atvik annars staðar.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir nokkrum alþjóðlegum fundum og ráðstefnum á vegum RÚV hér á landi, þar á meðal alþjóðlegri ráðstefnu um heimildaþáttagerð í útvarpi, norrænum fundi um heimildamyndir,

MGJ  
MAGS  
SOT  
DJKZ

norrænum fréttastjórafundi og fundi útvarpsstjóra frá nokkrum EBU löndum o.fl. Að lokum fór útvarpsstjóri yfir úrslitakeppni Eurovision sem fram fór í Liverpool í maí. Framkvæmd keppninnar tókst afar vel og mikið áhorf og mikill áhugi á keppninni hér og annarsstaðar sem sjá má á mældu áhorfi.

Þá var gerð grein fyrir úthlutun úr Tónskáldasjóði RÚV og STEF og vakin athygli á nýju leiknu sjónvarpsefni, bæði sjónvarpsþáttaröðinni Aftureldingu sem fékk afar góðar viðtökur, og nýrri þáttaröð, Hvítar lygar, sem skrifuð var og leikin af ungu fólk. Hún hefur þegar verið gerð aðgengileg í spilara RÚV og verður á dagskrá í sumar.

##### 5. Önnur mál

Fyrifundinn barst fyrirspurn um netöryggismál RÚV. Unnið sé að minnisblaði sem lagt verði fyrir næsta stjórnarfund í júní.

Silja D. Gunnlaðhildur  
Ólafur Árnadóð. Zoëga  
Herr Ólfur  
Sigrún Ólafsdóttir  
Sigrún Ólafsdóttir  
Marta Guðrún Jóhannesson  
Ólafur Ólafsson